

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 246 5. júní 1975 um sérstaka skráningu
bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Fyrir skráningu bifreiðar samkvæmt reglum þessum skal greiða sama gjald til ríkissjóðs og fyrir nýskráningu bifreiðar, en fyrir framlengingu hverju sinni skal greiða sama gjald og fyrir umskráningu milli umdæma, sbr. reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs, og annast viðkomandi lögreglustjóri innheimtu þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. tölulíð 3. gr. laga nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., sbr. og umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1976:

Borgarfjarðarsýsla:

Klökk á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtshreppi.

Strandasýsla:

Markhöfði á þjónustubýli í landi Fjarðarhorns, Bæjarhreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Hlíðarfoss í stað nafnsins Huppahlíð III á býli í Ytri-Torfustaðahreppi.
Brún á smábýli í landi Auðunarstaða, Þorkelshólshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Háabrekka í stað nafnsins Reiðholt á býli í Lýtingsstaðahreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Garður III á iðnaðarbýli í landi Garðs II, Mývatnssveit.
Hraunbær á iðnaðarbýli í landi Hólmavaðs, Aðaldælahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Fossvellir II á smábýli í landi Fossvalla, Hlíðarhreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Litlahlíð á smábýli í landi Austurhlíðar, Skaftártunguhreppi.

Rangárvallasýsla:

Norðurbær á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvöllum.
Jaðar II á nýbýli í landi Jaðars, Djúpárhreppi.